




Bandalag íslenskra skáta

2021



ATRIÐASKRÁ

- 3 Kveðja frá skátahöfðingja
- 4 Stjórn, starfsfólk og fastaráð
- 10 Starfsemi Bandalag íslenskra skáta
- 13 Kjarnastarfsemi BÍS
- 19 Nefndir og stjórnir á vegum BÍS
- 23 Nefndir og samtök sem BÍS tengist
- 25 Ársreikningar

Bandalag íslenskra skáta | Hraunbær 123, 110 Reykjavík | Sími 5509800
skatarnir@skatarnir.is . www.skatarnir.is



KVEÐJA FRÁ SKÁTAHÖFÐINGJA

Skátahreyfingin er ótrúleg og hefur sannað það enn og aftur hvað hún er einstök.

Það er svo verkefni fyrir okkur skáta að auka aðgengi að þessari einstöku hreyfingu og stækka hana enn frekar og efla.

Hvað ætlar þú að gera ef þrjár manneskjur birtast á dyragættinni hjá þér á morgun og vilja vera með í skátastarfinu? Að halda nýliðakynningu og kynningarfund er eitt en að fylgja því eftir er annað. Að tilheyra og vera hluti af einhverri stærri heild skiptir mjög marga máli og eykur lífsgæði umtalsvert.

Skátarnir geta sýnt í verki svo margt jákvætt og eftirtektarvert og í lok dags er skátahreyfingin hópur fólks og það er fólkið, hvert og eitt þeirra, sem framkvæmir frábærar og oft

djarfar hugmyndir sem svo hefur jákvæð áhrif á ótalmargt í kringum sig. Fjöldi skáta í skátaflokknum þínum er ein tala en hvað einstaklingarnir í skátaflokknum þínum, með gildi skátahreyfingarinnar að leiðarljósi, hafa jákvæð áhrif á marga er sú tala sem mestu skiptir í lok dags.

Ég lofa að gera það sem í mínu valdi stendur til þess að gera skyldu mína við guð/samvisku og ættjörðina/samfélag, að hjálpa öðrum og að halda skátalögin.

Marta Magnúsdóttir

Marta Magnúsdóttir
Skátahöfðingi

*Skáti er hjálpsamur
Skáti er glaðvæ
Skáti er traustur
Skáti er náttúruvinur
Skáti er tillitssamur
Skáti er heiðarlegur
Skáti er samvinnufús
Skáti er nýttinn
Skáti er réttssýnn
Skáti er sjálfstæður*

STJÓRN BANDALAGSINS

Þórhallur Helgason Forritari.
Kjörinn 2020.

FASTARÁÐ BANDALAGSINS

Samþykkt var á Skátapingi 2020 að stofna nýtt ráð, Útílifsráð. Ráðið hefur ekki tekið til starfa.

SKÁTAMIÐSTÖÐIN

Kristinn Ólafsson

Framkvæmdastjóri Grænna skáta og Skátabúðarinnar

Kristinn Ólafsson var framkvæmdastjóri BÍS og annarra dótturfyrirtækja þess út ágúst. Hann fór jafnframt með prókúru fyrir BÍS og dótturfélög þess fram að þeim tíma. Auk þess að vinna að öfluggu og öruggu rekstrarumhverfi fyrir skátastarf á Íslandi hefur Kristinn yfirumsjón með daglegum rekstri skrifstofu og dótturfélaga BÍS og ber ábyrgð á rekstrinum gagnvart stjórn BÍS. Hann á tryggt samstarf við sjálfbóðaliðana sem skipa stjórn BÍS og stjórnir dótturfyrirtækja BÍS og fylgir samþykktum þeirra eftir. Kristinn er í forsvari fyrir BÍS gagnvart hinu opinbera, fjölmiðlum og helstu samstarfsaðilum skátahreyfingarinnar á Íslandi.

Helga Þórey Júlíudóttir

Framkvæmdastjóri BÍS og Skátamóta

Helga Þórey Júlíudóttir tók til starfa sem framkvæmdastjóri BÍS og Skátamóta í september. Hennar hlutverk er að stýra daglegum rekstri og framþróun Skátamiðstöðvarinnar og framfylgir stefnu BÍS. Hún á tryggt samstarf við sjálfbóðaliðana sem skipa stjórn BÍS og fylgir samþykktum hennar eftir en einnig á Helga í nánu samstarfi við framkvæmdastjóra og stjórnir dótturfyrirtækja. Helga er í forsvari fyrir BÍS gagnvart hinu opinbera, fjölmiðlum og helstu samstarfsaðilum skátahreyfingarinnar á Íslandi. Áherslur Helgu í starfi eru að renna styrkari stoðum undir fræðslu, stuðning við dagskrá, miðlun og þjónustu við skátafélögin í landinu.



Javier Paniagua Petisco

Framkvæmdastjóri ÚSÚ og verkefna- og leiðtogaþjálfari BÍS

Pani gegnir stöðu verkefna- og leiðtogaþjálfara í hlutastarfi fyrir Bandalag íslenskra skáta en hann er einnig framkvæmdastjóri Úlfjótssvats. Sem verkefna- og leiðtogaþjálfari stýrir Pani því starfi að staðla viðburðaferla, vinnuaðferðir og skilvirkari skjölun hjá Skátamiðstöðinni. Hann mun starfa náið með leiðbeinendasveitinni og styrkja þau við að verða hágæða þjálfunarteymi fyrir leiðtoganámskeið. Einnig mun Pani vinna að innleiðingu leiðtogaþjálfunar á öllum stigum BÍS svo sjálfbærliðar geti sem best vaxið í sínum hlutverkum.

Guðmundur Örn Sverrisson

Fjármála- og verkefnastjóri

Guðmundur starfaði sem fjármála- og verkefnastjóri BÍS og vann með framkvæmdastjóra ásamt stjórnnum og stjórnendum dótturfyrirtækja BÍS. Sem fjármálastjóri sinnti Guðmundur fjármálaumsýslu BÍS og dótturfélaga, s.s. greiðslu reikninga og gerð fjárhagsáætlana. Honum var einnig falið að fylgja eftir og tryggja framkvæmd stærri viðburða og verkefna innan BÍS og dótturfyrirtækja. Guðmundur lét af störfum fyrir BÍS í lok árs.

Hilda Ösp Stefánsdóttir

Bókari

Hilda er bókari BÍS og dótturfélaga og vinnur með framkvæmdastjórum þeirra og fjármálastjóra ásamt stjórnendum dótturfyrirtækja BÍS. Hennar helstu verkefni snúa að innheimtu og færslu bókhalds BÍS og dótturfyrirtækja þess. Hilda sér um launavinnslu hjá Skátamótum og ÚSÚ. Hún aðstoðar einnig við yfirlestur efnis áður en það er gefið út af BÍS.

Hulda María Valgeirsdóttir

Viðburðastjóri

Fram að sumri var Hulda María í hlutastarfi við undirbúning sumarbúðanna á Úlfjótssvatni og aðstoðaði við undirbúning fyrir Skátasumarmótin á Úlfjótssvatni sumarið 2021. Hulda María var einnig sumarbúðarstjóri á Úlfjótssvatni. Hulda lét af störfum að loknu sumri.

Hulda Mjöll Þorleifsdóttir

Þjónustufulltrúi

Hulda Mjöll var þjónustufulltrúi BÍS og vann með öðru starfsfólki Skátamiðstöðvarinnar að ýmsum verkefnum. Sem þjónustufulltrúi hafði hún umsjón með félagatali og öðrum rafrænum kerfum Skátanna og aðgengi að þeim. Hún svaraði símtölum, tölvupósti og skilaboðum gegnum samfélagsmiðla skátanna, annaðist hverskyns þjónustu í móttöku og sinnti afgangi og þögnunum í Skátabúðinni. Hulda Mjöll lauk störfum hjá BÍS í lok ágúst 2021.

Kolbrún Ósk Pétursdóttir,

Sigurgeir B. Þórisson, Halldór Valberg

Erindrekar

Kolbrún Ósk Pétursdóttir sinnti starfi erindreka ásamt Sigurgeiri fram að haustmánuðum og fór þá utan til náms. Sigurgeir, Halldór og Sædis starfa nú sem erindrekar fyrir BÍS en þau vinna með sjálfbærliðum skátahreyfingarinnar og í félagsstarfi skátafélaganna um land allt. Sem erindrekar eru þau í samskiptum við skátafélög um allt land og styðja þau í fjölbreyttum verkefnum sem styrkja félagsstarf þeirra, miðla reynslu á milli félaga og vinna að lausnum á sameiginlegum áskorunum þeirra. Erindrekar sinna líka allskyns átaksverkefnum sem miða að því að því að styðja skátana í þeirra hlutverkum s.s. með útgáfu fræðsluefnis og verkfæra, með þjálfun og með virkri handleiðslu. Þau vinna líka að framþróun og innleiðingu nýs dagskrárefnis í skátastarfi.

Erindrekar vinna einnig að því að fjölga bæði sjálfbærliðum og þátttakendum í skátastarfi og geta liðsinnt við að koma á fót skátastarfi í byggðarlögum þar sem ekki fyrirfinnst skátastarf nú þegar. Í slíkum verkefnum bjóðast þau að koma hvert á land sem er að kynna starfið fyrir áhugasömum sjálfbærliðum og þátttakendum, halda námskeið fyrir nýja sjálfbærliða og reka dagskrá fyrir þátttakendur í nokkur skipti.

Margrét Sigríður Halldórsdóttir

Ræstingar

Sá um þrif í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123.



Rakel Ýr Sigurðardóttir

*Verkefnastjóri og starfsmaður
Skátamóta*

Rakel kom úr fæðingarorlofi í mars og vann sem verkefnastjóri fram í nóvember og lét þá af störfum.

Rita Maria Osório

Kynningarmálastýra

Rita stýrir ímyndarmálum BÍS og dótturfyrirtækja þeirra. Hún stýrir samfélagsmiðlum og býr til skemmtilegt efni til að sýna frá starfinu. Rita vinnur einnig að því að lyfta heimasíðum BÍS og dótturfyrirtækja í nýjar hæðir, búa til nútímalegt og lifandi kynningarefni fyrir skátafélögin og að gera stuðningsefni fyrir skátaforingja og aðra sjálfbóðaliða aðgengilegt og flott. Hún tekur einnig myndir og myndbönd úr starfi BÍS.

Katrín Kemp Stefánsdóttir

Verkefnastýra fræðslumála

Katrín er verkefnastýra fræðslumála. Hún hefur yfirumsjón með fræðsluefni, námskeiðaframboði og þjálfunum á vegum BÍS. Katrín vinnur að markmiðum BÍS um Skátaskólann og er í nánú samstarfi við sjálfbóðaliðana sem mynda stjórn skólans. Hún vinnur líka með leiðbeinendasveit BÍS sem sinnir skipulagi og framkvæmd námskeiða með dyggum stuðningi hennar. Katrín og erindrekar BÍS vinna einnig oft saman að átaksverkefnum sem snúa að fræðslu- og þjálfunarmálum.




GRÆNIR SKÁTAR EHF.

Hjá Grænum skátum ehf. störfuðu 35 starfsmenn í 16 stöðugildum á árinu. Flestir starfsmenn Grænna skáta, um 30 manns, búa við skerta starfsgetu og veitir þessi starfsemi þeim kærkomið tækifæri til þess að sinna launaðri vinnu. Grænir skátar eru með samning við Vinnumálastofnun (VMST) í tengslum við verkefnið: „Atvinna með stuðning,“ og tekur VMST þátt í launagreiðslum þeirra starfsmanna.

Rekstur Grænna skáta gekk afar vel á árinu og var veltuaukningin um 25% milli ára. Á árinu varð mikil aukning á þjónustu tengdri húsfélögum og fyrirtækjum. Grænir skátar sækja í þeim tilfellum flöskur og dósir til viðskiptavina þegar þörf er á. Viðskiptavinurinn fær greiddan hluta af skilagjaldi til sín og Grænir skátar taka hlut sem þjónustugjald.

Vöxtur Grænna skáta hefur verið góður undanfarin ár og rekur fyrirtækið nú 4 bifreiðar sem sækja umbúðir allt frá Suðurnesjum og austur að Geysi.



SKÁTABÚÐIN EHF.

Rekstur Skátabúðarinnar ehf. gekk vel. Mesta sala Skátabúðarinnar er á „skátavörum“ til skáta og skátafélaga og sala á gervijólatrjáum.

Sala á Sigræna jólatrénu gekk vonum framar, þrátt fyrir miklar áskoranir í tengslum við innflutninginn. Covid hafði áhrif á framleiðslu og flutning á jólatrjánum og fengust ekki öll þau tré sem voru pöntuð.

Vörumerkið „Sigræna jólatréð“ er orðið mjög þekkt og nýtur mikils traust samkvæmt könnunum. Sölu tímabilið hefur lengst þar sem fólk setur jólatrén upp fyrr en áður og byrjar salan nú í upphafi nóvember.

SKÁTAMÓT EHF.

Dótturfyrirtæki BÍS sem heldur utan um undirbúning og framkvæmd stærri viðburða á vegum BÍS, s.s. Landsmót skáta og önnur mót. Tveir erindrekar voru starfsmenn Skátamóta allt árið 2021. Haldin voru 3 skátamót á Úlfliótsvatni þar sem skátafélögum var skipt niður á mótin þrjú vegna heimsfaraldurs. Mótin fengu nafnið „Skátasumarið“ og voru fyrir drekaskáta og eldri. Skátar á þátttakendaaldri voru 567, foringjar 128 og starfsmenn og starfsmenn mótsins alls 60. Samtals tóku því 755 skátar þátt í mótunum þremur. Mikil ánægja var með mótin og tókst að halda þau öll fyrir utan síðasta mótið sem þurfti að slíta hálfum sólarhring fyrr vegna nýrra samkomutakmarkana sem tóku gildi undir lok mótsins.



FJÖLDI SKÁTA Í SKÁTASTARFI

	Drekaskátar	Fálkaskátar	Dróttaskátar	Rekkaskátar	Roverskátar	26 ára og eldri	Heildarfjöldi undir 26	Fjöldi skáta og sjálfboðaliða
Heildarfjöldi skráninga 2019-20	422	575	289	103	114	280	1508	1788
Heildarfjöldi skráninga 2020-21	553	606	268	118	127	216	1672	1888
Mismunur milli ára	131	31	-21	15	13	-64	164	100
Breyting milli ára	31,04%	5,39%	-7,27%	14,56%	11,40%	-22,86%	10,88%	5,59%

STARFSEMI BANDALAG ÍSLENSKRA SKÁTA

STEFNUMÓTUN BÍS

Bandalag íslenskra skáta starfar undir þeirri stefnu sem var samin og samþykkt árið 2020 og gildir yfir tímabilið 2020 til 2025. Stefnumótun þessi ber yfirheitið „Fyrirmynd til framtíðar“ og hefur að leiðarljósi að bjóða öllum skátum, ungum sem öldnum, ævintýralegan vettvang, fjölbreytt tæki og persónulegar áskoranir til að tileinka sér samfélagsvitund og færni til framtíðar. Áhersluatriði stefnunnar er að veita heilbriggt og uppbyggilegt samstarfsumhverfi fyrir skáta, stuðla að framsýni og efla þjálfun og færni þátttakenda og sjálfboðaliða. Einnig tengjast heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna stefnunnar. Skátahreyfingin er í einstakri aðstöðu til að valdefla börn og ungmenni til að verða hreyfiafl jákvæðra breytinga í heiminum.

SAMSKIPTI VIÐ SKÁTAFÉLÖGIN

Áfram var unnið í samræmi við stefnumörkun BÍS að því að styðja við starf skátafélaganna.

Erindrekar bandalagsins eru talsmenn BÍS gagnvart skátafélögunum í landinu og veita þeim almennan stuðning í samráði við annað starfsfólk BÍS.

FUNDIR

Stjórnarfundir

Stjórn Bandalags íslenskra skáta hélt 15 bókaða fundi á árinu 2020 auk óformlegra funda. Reglulegir stjórnarfundir voru ýmist netfundir eða haldnir í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123.

Félagsforingjafundir

Tveir félagsforingjafundir voru boðaðir á árinu en þar af var aðeins annar þeirra haldinn þar sem fresta þurfti hinum vegna samkomutakmarkana.

Fyrri fundur ársins fór fram þann 1. mars í formi fjarfundar. Þar fór fram umræða og samþykkt á nýjum fulltrúa stjórnar

sökum þess að stjórnarmeðlimur sagði af sér embætti áður en kjörtímabili lauk. Samkvæmt verklagi samþykkti félagsforingjafundur nýjan fulltrúa stjórnar til að sinna embætti fram að næsta aðalfund BÍS. Tekin var fyrir umræða um fyrirkomulag Skátasumarsins 2021 og Eloomi rafræns kennslukerfis.

Seinni fundur ársins var boðaður þann 6. nóvember en var frestað til febrúar 2022 vegna samkomutakmarkana og dræmrar skráningar.

Skátaþing 2021

Skátaþing 2021 var haldið í apríl með fjarfundafyrirkomulagi vegna þágildandi samkomutakmarkana í samfélaginu. Dagskrá fundarins var samkvæmt lögum BÍS. Til að tryggja lögmæti ákvarðana var sérstakt kosningarkerfi notað til að tryggja að framkvæmd kosninga færi rétt fram. Fyrir fundinn lágu nokkrar lagabreytingar og að lokum var ein þeirra samþykkt.

AFREKS- OG HEIÐURSMERKI

Stjórn BÍS samþykkti vorið 2006 reglugerð um heiðursmerki. Samkvæmt henni eru eftirtalin heiðursmerki í notkun hjá BÍS: Silfurúlfurinn, Skátakveðjan úr gulli, silfri og bronsi, Þórshamarinn úr gulli, silfri og bronsi og auk þess merki BÍS úr gulli, silfri og bronsi. Eftirtalin hetjudáðamerki eru í notkun hjá BÍS: Gullkrossinn, Silfurkrossinn og Bronskrossinn. Eftirtalin þjónustumerki eru í notkun hjá BÍS: Gyllta liljan og smárin og Silfraða liljan og smárin.

Eftirtaldir hlutu heiðursmerki BÍS á árinu 2021:

Silfurmerki skáta

Arnlaugur Guðmundsson – Sk.f. Landnemar

Forsetamerki

Þórunna Ýr Guðgeirsdóttir Sk.f. Fossbúar

Guðjón Leó Tyrfingsson Sk.f. Fossbúar

Brynjar Óli Barkarson Sk.f. Fossbúar

Ísold Vala Þorsteinsdóttir Sk.f. Garðbúar

Daníel Kárasón Sk.f. Hraunbúar

Tumi Snær Sigurðsson Sk.f. Klakkur

Anna Kristjana Helgadóttir Sk.f. Klakkur

Ingunn Erla Sigurðardóttir Sk.f. Klakkur

Páll Kristinn Stefánsson Sk.f. Kópar

Erla Sóley Skúladóttir Sk.f. Kópar

Hjálmar Snorri Jónsson Sk.f. Kópar

Ísafold Kristín Halldórsdóttir Sk.f. Landnemar

Auður Eygló Andrésdóttir Sk.f. Landnemar

Gunnhildur Ósk Signarsdóttir Sk.f. Skjöldungar

Ísabel Esme Edwards Sk.f. Svanir

Andri Snær Gunnarsson Sk.f. Svanir



HELSTU VIÐBURÐIR SEM BÍS KOM AÐ

Viðburðir samkvæmt
viðburðadagatali BÍS 2021

Janúar

8.-10. Raf-neisti

Febrúar

18. Örnámskeið um neteinelti

Mars

1. Félagsforingjafundur

6. iScout - alþjóðleg skátakeppni

29.-31. Námskeið fyrir aðstoðarsveitarforingja (frestað)

Apríl

8. Opnar umræður um málefni skátapings 2021

10. Drekkaskátadagurinn (frestað)

13. Skátaping - rafrænt

Mái

25. Ræktun, hekl/prjón og fataviðhald

26. Skyndihjálparnámskeið kvöld 1

27. Skyndihjálparnámskeið kvöld 2

27. Útildun (fellt niður)

30. Ljósmyndamaráðun

31. Námskeið fyrir skólastjóra Útilífsskóla

Júní

1.-3. Námskeið fyrir 17 ára og eldri fyrir Útilífsskólann

2. Öryggisnámskeið í klifri

2.-4. Vinnuskólanámskeið fyrir Útilífsskólann

3. Verndum þau námskeið

5. Drekkaskátamót

22. Fjölgun skátaforingja - kynningarfundur

Júlí

7.-11. Skátasumarið 1

14.-18. Skátasumarið 2

21.-25. Skátasumarið 3

Ágúst

17. Samtal og endurgjöf - Umsjón með starfi sjálfbóðaliða

29. Lækjarbotnaskáli 100 ára

September

3. Uglan - ungmennafræðsluviðburður

11. Spejderman - fjórðungur úr Járnkarli

15. Ungmennaráðstefnan - ungt fólk og lýðræði (frestað)

17. Skátaping - taka tvö (frestað)

25. Afhending forsetamerkis

29. Erasmus+ kynning

Október

1. Ds. Húkk

15. JOTA-JOTI 2021

15. Aðstoðarsveitarforingjanámskeið

Nóvember

2.-3. Skyndihjálparnámskeið

6. Félagsforingjafundur (aflýst)



KJARNASTARFSEMI BÍS

ERINDREKSTUR - FÉLAGSLEGUR STUÐNINGUR

Erindrekar BÍS vinna með sjálfbóðaliðum BÍS og í félagsstarfi skátafélaganna um land allt. Sem erindrekar eru þau í samskiptum við skátafélög um allt land og styðja þau í fjölbreyttum verkefnum sem styrkja félagsstarf þeirra, miðla reynslu á milli félaga og vinna að lausnum á sameiginlegum áskorunum þeirra. Erindrekar sinna líka allskyns átaksverkefnum sem miða að því að því að styðja sjálfbóðaliða í þeirra hlutverkum s.s. með útgáfu fræðsluefnis og verkfæra, með þjálfun og með virkri handleiðslu. Þau vinna líka að framþróun og innleiðingu nýs dagskrárefnis í skátastarfi.

Erindrekar vinna líka að því að fjölga bæði sjálfbóðaliðum og þátttakendum í skátastarfi og geta liðsinnt við að koma á fót skátastarfi í byggðarlögum þar sem ekki fyrirfinnst skátastarf nú þegar. Í slíkum verkefnum bjóðast þau að koma hvert á land sem er að kynna starfið fyrir áhugasömum sjálfbóðaliðum og þátttakendum, halda námskeið fyrir nýja sjálfbóðaliða og reka dagskrá fyrir þátttakendur í nokkur skipti.

Stjórn BÍS vill efla stuðning við skátafélögin þannig að skátastarfið á hverjum stað styrkist. Á haustdögum var lögð áhersla á að bæta við starfsmanni í erindrekstur.

FÉLAGAÐRENNAN

Á skátaþingi 2018 var félagabrennan kynnt fyrir skátafélögunum. Finnsla skátahreyfingin hefur þróað stjórnunina þannig að í hverju skátafélagi eru þrír aðilar sem mynda innsta kjarna stjórnar og eru öll hlutverkin jafn gild og hafa jafn mikið vægi í stjórnun skátafélaga. Þessir þrír aðilar eru félagsforingi, dagskrárforingi og sjálfbóðaliðaforingi. Verklýsingar liggja nú fyrir og nýtast við prufukeyrslu félagabrennunnar.

Félagabrennan gerir ráð fyrir að allir hlutaðeigandi fái stuðning í starfi sínu. Því hafa verið haldin námskeið fyrir svokallaða þrennuþjálfara sem sjá um persónulegan stuðning við þá sem skipa þessar stöður í félögunum.

Hlutverkin þrjú eru félagsforingi, sjálfbóðaliðaforingi og dagskrárforingi. Þessir þrír þrennuforingjar sérhæfa sig á sínu sviði innan félagsins, stýra starfi félagsins ásamt stjórn, styðja við starfið, foringjana og stuðla að gæðum auk þess að vera í tengslum við aðra þrennuforingja, skrifstofu og stjórn BÍS.

Nokkur skátafélög á Íslandi hafa nú þegar innleitt félagabrennuna og er það stefna stjórnar að félagabrennan verði almennt viðmið í stjórnun skátafélaga. Framvegis verður því allur útsendur póstur og tilkynningar send á

viðkomandi þrennuforingja ásamt félagsforingja, þannig að allt sem viðkemur dagskrármálum verður líka sent á dagskrárforingja (eða ígildi hans) og allt sem viðkemur fræðslu og sjálfbóðaliðum verður einnig sent á sjálfbóðaliðaforingja (eða ígildi hans).

ALPJÓÐAMÁL

Alþjóðastarf skáta er fleira en ferðalög, til dæmis geta samskipti skáta og skátahópa í gegnum netið verið mjög skemmtilegur kostur. Þess háttar samskipti geta síðan þróast í verkefni þar sem hóparnir hittast og fá til þess styrki, t.d. frá Erasmus+ en langflestir erlendir viðburðir sem BÍS tekur þátt í eru einmitt styrktir af Erasmus+. Alþjóðaráð sinnir einkum samskiptum BÍS við erlend skátabandalög og samtök, erlenda skáta sem óska eftir upplýsingum um íslenskt skátastarf og ekki síst er íslenskum skátum veittar upplýsingar um erlent skátastarf og erlend tilboð svo sem skátamót og námskeið. Þá eru einnig skipulagðir fjölþjóðlegir viðburðir hér á landi. Fjölmörg erindi berast íslenskum skátum á hverju ári sem Alþjóðaráð vinnur úr.

Samstarfsnefnd norrænu skátabandalaganna

Nefndin heldur fund a.m.k. einu sinni á ári, venjulega fyrsta laugardag í september. Nefndin vinnur úr samþykktum Norræna skátabingsins og fylgist með framkvæmd þeirra samstarfsverkefna sem þar eru ákveðin. Fulltrúar BÍS í samstarfsnefndinni árið 2021 voru Sunna Líf Þórarinsdóttir og Þórey Lovísa Sigurmundsdóttir.

Formennska og skrifstofuhald norrænu samstarfsnefndarinnar færðist frá Noregi til Færeyja og verða þeir með formenskuna til næstu þriggja ára. Sjá nánar á heimasíðu nefndarinnar www.speidereinorden.org.

Norræna skátaþingið

Norræna skátaþingið var haldið í ár og fór það fram á netinu. Þingið var haldið í gegnum samkomuforritið Gather town þar sem þátttakendur tóku virkan þátt í því að deila reynslu bandalagsins síðustu þriggja ára ásamt því að læra um þau verkefni sem önnur bandalög eru að vinna að. Á Norræna skátaþinginu er einnig kosið um verkferla og stjórnsýslu norræna samstarfsins. Þingið var að þessu sinni í umsjá Norðmanna.

Upplýsingamiðlun um alþjóðastarf

Upplýsingamiðlun frá Evrópu- og heimsskrifstofunum er mjög aðgengileg á heimasíðum og Facebooksíðum skrifstofanna, sjá nánar www.scout.org, www.euroscoutinfo.com, www.waggs.org, www.europe.waggs.org og www.europak-online.net. Alþjóðaráð hefur haldið úti Facebook hópnum „Tækifæri í alþjóðastarfi”.

Evrópuþing WAGGS og WOSM

Evrópuþing WOSM og WAGGS er haldið þriðja hvert ár og verður næst haldið 2022 í Rotterdam í Hollandi.

Heimsþing WAGGS og WOSM

Heimsþing WOSM og WAGGS er haldið á þriggja ára fresti og voru þingin haldin síðast sumarið 2021. WAGGS þingið átti að vera haldið í Úganda en vegna heimsfaraldurs fór það fram í gegnum netið. Heimsþing WOSM átti að vera haldið í Egyptalandi en vegna heimsfaraldurs fór það einnig fram í gegnum netið. Gengu þingin vel fyrir sig og tóku fulltrúar virkan þátt í umræðum, bæði fyrir þingin og á meðan á þeim stóð.

Ungmennaping WOSM

Ungmennaping WOSM átti að vera haldið í Egyptalandi en vegna heimsfaraldurs fór það fram á netinu. Þetta var jafnframt síðasta ungmennaping WOSM þar sem heimsþing WOSM ákvað að fella það niður með þeim rökum að ungmenni séu nú þegar leiðandi krafturinn í skátastarfi og eru farin að taka virkan þátt á heimsþingi án þess að þurfa tilheyrandi stuðning.

Erlendir fundir, námskeið og ráðstefnur sem fulltrúar BÍS sóttu á árinu 2021

Norðurlandaping á netinu

Marta Magnúsdóttir, Björk Norðdahl, Harpa Ósk Valgeirsdóttir, Kristinn Ólafsson, Þórhallur Helgasson, Sunna Líf Þórarinsdóttir, Huldar Hlynsson, Daði Björnsson, Þórey Lovísa Sigurmundsdóttir, Kolbrún Ósk

Þétursdóttir og Berglind Lilja Björnsdóttir.

Heimsþing WAGGS á netinu

Sunna Líf Þórarinsdóttir og Hersteinn Skúli Gunnarsson.

Ungmennaping WOSM á netinu

Þórey Lovísa Sigurmundsdóttir, Daði Björnsson og Hersteinn Skúli Gunnarsson.

Heimsþing WOSM á netinu

Þórey Lovísa Sigurmundsdóttir, Daði Björnsson og Hersteinn Skúli Gunnarsson.

NSK fundur í Svíþjóð

Sunna Líf Þórarinsdóttir og Þórey Lovísa Sigurmundsdóttir.

Academy á netinu

Sigurgeir B. Þórirsson og Katrín Kemp Stefánsdóttir.

Skátamót og heimsóknir

Á hverju ári berast BÍS boð frá fjölmörgum löndum um þátttöku í skátamótum. Íslenskir skátar sem hafa áhuga á að sækja skátamót erlendis geta fengið aðstoð og ráðgjöf sé þess óskað. Þau ár sem Landsmót skáta eru haldin stendur BÍS að jafnaði ekki fyrir stórum ferðum á erlend skátamót. Að þessu sinni var lítið um ferðir erlendis vegna heimsfaraldurs.

Erlendar skátamiðstöðvar

Fjölmargar skátamiðstöðvar eru starfandi í heiminum, bæði á vegum WAGGS og WOSM en einnig á vegum erlendra skátabandalaga. Íslenskir skátar hafa unnið sem sjálfbóðaliðar víða. Enginn sjálfbóðaliði hefur verið frá Íslandi þetta ár og skrifast það að mestu leyti á heimsfaraldurinn.



Alþjóðlegir viðburðir á næstunni

- 23rd European Scout Conference & 16th European Guide and Scout Conference, Rotterdam, 2022.
- Nordic Adventure Race, Færeyjar, 2022
- 38th WAGGGS World Conference, Malasía, 2023.
- 25th World Scout Jamboree, Suður-Kórea, 2023.
- Roverway, Noregur, 2024.
- 43rd World Scout Conference, Egyptaland, 2024.
- 17th World Scout Moot, Portúgal, 2025.
- 26th World Scout Jamboree, Pólland, 2027.

FRÆÐSLUMÁL

Skátaskólinn sér um skipulagningu fræðslu fyrir skáta og skátaforingja. Á öllum námskeiðum er unnið með fjölbreyttar kennsluaðferðir, leiki, virkni þátttakenda, aukið útinám og ígrundun þátttakenda.

Árið 2021 reyndist erfitt að halda námskeið vegna Covid-19 en þrátt fyrir lítið námskeiðahald var tíminn vel nýttur til þess að endurskoða námsskrá og skipulag fræðslu og þjálfunar á vegum skátanna. Á árinu var ákveðið að ráða inn starfsmann til að leiða þessa vinnu skátaskólans. Var Katrín Kemp Stefánsdóttir ráðin í starf verkefnastýru fræðslumála og er hún í 50% starfshlutfalli.

Námsskrá skátaskólans er í stöðugri endurskoðun og tók hún talsverðum

breytingum árið 2021. Námskeiðaframboði skátanna má nú skipta í 2 hópa, annars vegar er leiðtogaþjálfun frá 10 ára aldri sem miðar að því að efla persónulegar framfarir skáta og hins vegar hagnýta foringjaþjálfun sem skiptist í námskeið fyrir sveitaforingja og aðstoðarsveitaforingja. Þannig verður reynt að bjóða upp á ólík námskeið sem henta mismunandi einstaklingum innan hreyfingarinnar en öll byggja þau á sama grunnstefinu: að styrkja sjálfstæði og þor þátttakenda.

Í stefnu BÍS til ársins 2025 er stefnt að leiðtoganámskeiðum sem standa skátum til boða frá 10 ára aldri og er unnið að skipulagningu þeirra.



Námskeiðin hafa hlotið yfirheitið Kraftur og miða að því að styrkja skáta á þeirri vegferð að verða virkir þátttakendur í skátastarfi sem og samfélaginu öllu. Stefnt er að því að halda fyrsta rekkakraft námskeiðið á vormánuðum 2022 og setja af stað dróttkraft haustið 2022. Í kjölfar breytinga á námsskránni var unnið að endurskoðun Gilwell námskeiða. Gilwell-leiðtogaþjálfunin er persónuleg

vegferð hinna fullorðnu til að halda áfram að þroskast og eflast í lífi og starfi. Í Gilwell-leiðtogaþjálfun BÍS fá þátttakendur innsýn í hlutverk fullorðinna í skátastarfi og öðlast þekkingu og færni til að leiða starfið og þar með leggja sitt af mörkum til betra samfélags.

Gilwell verður nú haldið á þremur helgarnámskeiðum þar sem lögð verður

áhersla á sjálfstyrkingu, sjálfsskilning, gildi og leiðtogaþjálfun í skátastarfi.

Að lokum var unnið að stofnun leiðbeinendasveitarinnar árið 2021 en hlutverk hennar er að verða undirbúnings- og framkvæmdaraðili námskeiða á vegum skátanna með stuðningi frá verkefnastýru fræðslumála. Leiðbeinendasveitin tekur til starfa árið 2022.

Námskeið á vegum BÍS árið 2021

Neisti

Neisti hefur verið gífurlega vinsælt námskeið þar sem hver og einn þátttakandi fær tækifæri til að velja sína dagskrá. Markmiðið er að auka færni á ýmsum sviðum skátastarfs og efla sjálfbóðaliða í sínu hlutverki. Vegna Covid var námskeiðið fært úr raunheimum á netið árið 2021 og eingöngu var boðið upp á dagskrárliði sem hægt var að færa á netið. Til að auðvelda framkvæmd var ekki hægt að velja smíðjur heldur var ákveðin dagskrá sem allir þurftu að fylgja. Einnig var námskeiðið aðeins á laugardegi en ekki yfir heila helgi eins og venja er. Þátttakendur voru 37 sem er talsvert færri en á fyrri námskeiðum og er líklegt að það komi í kjölfar breytinga vegna Covid.

Námskeið fyrir aðstoðarsveitaforingja

Námskeiðið er ætlað aðstoðarsveitaforingjum þar sem farið er yfir hlutverk þeirra og skyldur ásamt félagslega ábyrgð þeirra, ólíkir leiðtogastílar eru kynntir ásamt því að fjalla um samskiptatækni, leikjastjórnun og grunnaðferðarfræði foringjans í skátastarfi.

Stefnt var að því að halda námskeiðið á vormánuðum 2021 en þurfti að fella það niður vegna samkomutakmarkana. Hins vegar náðist að halda námskeiðið helgina 15.-17. október 2021 og voru 18 þátttakendur.

Námskeið fyrir starfsfólk útilífsskólanna

Námskeið fyrir stjórnendur og aðstoðarstjórnendur þar sem farið er ofan í starfshætti, starfsreglur, góða siði og venjur, algenga dagskrá, öryggisreglur, hvernig skuli ferðast með hóp barna, hvernig skuli stýra ungmennum í vinnu, upplýsingamiðlun til foreldra, viðbrögð við slysum, einelti, kynferðislegu áreiti og öðrum óæskilegum uppakomum, eðlileg samskipti við börn og starfsfólk og fleira.

Vinnuskólaliðar fara fyrsta kvöldið í skyndihjálp, annað kvöldið á Verndum þau námskeiðið og þriðja kvöldið læra þau um sitt hlutverk í Útilífsskólanum ásamt almennum vinnureglum og hvað er eðlilegt að þau geri og hvað ekki. Einnig eru þau upplýst um hvaða rétt þau hafa í starfi hvað varðar hlé, öryggi og vinnutíma og hvað teljist óeðlileg samskipti við börn og yfirmenn.

Þátttakendur

Vinnuskólaliðanámskeið | **100**

Aðstoðarstjórnendanámskeið | **52**

Stjórnendanámskeið | **8**

Skyndihjálparnámskeið 12 klukkustunda | **17**

Öryggisnámskeið í klifri | **15**

Verndum þau (Fyrir utan vinnuskólaliða) | **11**

Samtal og endurgjöf

Námskeið í samtalstækni og endurgjöf fyrir stjórnir félaga sem ætla að nota félagaþrennuna, þá aðallega félagsforingja, sjálfbóðaliðaforingja og dagskrárforingja. Einnig þau félög sem hafa hug á að taka þátt í innleiðingu á sjálfbóðalíkani BÍS, þ.e. þá sem munu sjá um endurgjöf og samtöl við sjálfbóðaliða. Var þetta í fyrsta sinn sem námskeiðið var haldið og voru þátttakendur 10.

Erasmus+

Kynning á styrkjaáætlun æskulýðshluta Erasmus+ hugsuð fyrir stjórnir og starfsfólk innan skátahreyfingarinnar en er opin fyrir einstaklinga 18 ára og eldri. Þrátt fyrir jákvæðni í samfélagi skáta var Covid farið að rísa aftur og mjög dræm þátttaka var í viðburðinum þar sem aðeins 4 tóku þátt.

Skyndihjálparnámskeið 12

klukkustunda

Þátttakendur: **8**

Gilwell leiðtogabjálfun

Vegna Covid tókst ekki að halda Gilwell námskeið 2021.

STARFSRÁÐ

Hlutverk starfsráðs er að styðja við og efla starf skátafélaganna í samráði við stjórnir skátafélaga, sveitarfóringja og flokksfóringja. Helstu verkefni starfsráðs síðasta ár var undirbúningur og vinna við starfsgrunn BÍS með áherslu á að hvert aldursbil fái betur notið sín í dagskrá og viðburðum. Unnið var að bættu hvatakerfi og í samstarfi við fræðsluráð fundinn kjarni skátastarfs og rauði þráður starfsins í gegnum starfsævi skátans.

UNGmennARÁÐ

Ungmennaping

Ákveðið var að halda ekki ungmennaping 2021 vegna covid.

Evrópska ungmennavikan

Ungmennaráð tók þátt í evrópsku ungmennavikunni, skipulagði og hélt þrjá viðburði í boði fyrir ungmenni sem snerust um:

Ræktun og lagfæring, 25.maí

- Fáir mættu á viðburðinn en það var góðmennt.
- Það var þrjónað, heklað, plantað plöntum (svo sem tómötum) sem fólk gat tekið með heim og hægt var að gera við götött föt.

Útiöldun, 27. maí

- Því miður þurfti að aflýsa útiöldun vegna þurrks og eldhættu að beiðni svæðisstjórnanda.



Ljósmyndakeppni, 30. maí

- Var haldin á netinu.

Ugla

Ungmennaráð hélt viðburð í Vestmannaeyjum til að efla ungmenni í viðburðarhaldi.

Þar var rætt viðburðarhald og nokkur málefni eins og:

- Hvort drekaskátar séu í bómull og ef svo er, hvað ætti að gera í því?

- Hvernig er betur hægt að hlúa að félögum á landsbyggðinni?

- Skátastarf og samfélagið

- Hvar vantar mestu aðhlynninguna?

Samhliða því var haldin vinnusmiðja þar sem 4 viðburðir voru skipulagðir og hóparnir hvattir til að halda áfram með viðburðina sína og halda þá í raunheimum.

Tæplega 30 manns mættu á viðburðinn og gist var í tjöldum þar til leita þurfti skjóls í Skátastykki vegna veðurs.

NEFNDIR OG STJÓRNIR Á VEGUM BÍS

STARFANDI NEFNDIR, STJÓRNIR OG VINNUHÓPAR Á VEGUM BÍS

Hér má sjá lista af starfandi nefndum, stjórnunum og vinnuhópum á vegum BÍS.

Þróunarverkefni um fjölgun skátaforingja

Í tengslum við eftirfylgd stefnu BÍS um fjölgun skáta og skátaforingja var í janúar 2021 stofnaður vinnuhópur um fjölgun skátaforingja. Stjórn BÍS kallaði í byrjun árs eftir áhugasömum skátum í vinnuhóp um fjölgun sveitarforingja og brugðust nokkrir skátar við kallinu og tóku þátt í vinnunni:

- Halldóra Hinriksdóttir
- Helgi Þór Guðmundsson
- Aðalsteinn Þorvaldsson
- Birgir Ómarsson
- Katrín Kjartansdóttir
- Jón Halldór Jónasson

Vinnuhópurinn skilaði tillögum sínum í byrjun maí, fyrir tilsettan tíma, og eru þær í

meginatriðum þessar:

1) Að gerð verði tilraun með launaða starfsmenn skátafélaga, framkvæmdastjóra og skátaforingja, í völdum skátafélögum í samráði við stjórnir þeirra með þriggja ára þróunarverkefni.

2) Að byggð verði upp námskeið og fræðsluefni fyrir stjórnir, framkvæmdastjóra og aðra sem við á þar sem kennt er hvernig veita á foringjum markvissan stuðning í starfi og hvernig þjálfa á foringja til leiðtogastarfa á vettvangi skátafélagsins.

3) Að gert verði stóráttak í þjálfun skátaforingja og sköpuð jákvæð stemning fyrir námskeiðum þannig að þau falli ekki niður vegna þátttökuleysis.

Á grundvelli þessara tillaga skipaði stjórn BÍS 26. maí stýrihóp til að leiða þróunarverkefni um launaða starfsmenn skátafélaga - framkvæmdastjóra og sveitarforingja. Í erindisbréfi er skátamiðstöð og stýrihópi falið að finna skátafélög til þátttöku og fylgja verkefninu eftir.

Kynningarfundur fyrir forsvarsmenn skátafélaga var haldinn 22. júní og mættu

fjölmargir fulltrúar félaganna.

Tafir urðu haustið 2021 á framvindu verkefnisins og í árslok hafði ekkert félag verið formlega tekið inn í þróunarverkefnið.

Í stýrihópinn voru skipuð af stjórn BÍS:

- Birgir Ómarsson
- Helgi Þór Guðmundsson
- Jóhanna Björg Másdóttir
- Jón Halldór Jónasson
- Þórhallur Helgason

Með stýrihópnum starfaði Rakel Ýr Sigurðardóttir verkefnastjóri í Skátamiðstöð.

Þróunarverkefnið var hugsað til þriggja ára og er stýrihópurinn enn virkur.

Vinnuhópur um aukna samfélagsþátttöku skáta

Stjórn BÍS efndi í ársbyrjun til útkalls í vinnuhóp um aukna samfélagsþátttöku skáta og var það í samræmi við stefnu sem samþykkt var á skátaþingi um

haustið. „Markmið skátanna er að leggja sitt af mörkum til að stuðla að framförum í samfélaginu og að vera til fyrirmyndar þegar kemur að samfélagsþátttöku og umhverfisvernd,“ segir í stefnunni.

Vinnuhópurinn gerði margar tilraunir til að hittast en engin þeirra gekk upp. Vinna hópsins fór því ekki af stað.

Vinnuhópur um aukið útilíf skáta

Skátaping haustið 2021 samþykkti breytingar á lögum þar sem gert var ráð fyrir nýju fastaráði sem efla myndi útilíf. Þar sem slíkt ráð tæki lögum samkvæmt ekki til starfa fyrr en frá og með skátapingi 2022 ákvað stjórn BÍS að stofna tímabundið vinnuhóp um málefnið. Efnt var til útkalls og í vinnuhópinn melduðu sig:

- **Finnbogi Jónasson**
- **Jakob Guðnason**
- **Auður Eygló Andrésdóttir**
- **Jökull Freysteinnsson**
- **Sölvi Ólafsson**

ÚTILÍFSMIÐSTÖÐVAR

Útilífsmiðstöð skáta á Úlfljótuvatni

Starfsemi skáta á Úlfljótuvatni hófst árið 1941 með sumardvöl ungra skáta undir forystu Jónasar B. Jónssonar og félaga. Síðan þá hefur starfsemin á Úlfljótuvatni verið að aukast jafnt og þétt eftir því sem aðstaðan hefur stækkað

og batnað. Í dag má fullyrða að Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótuvatni sé eitt af best útbúnu útivistarsvæðum á Íslandi.

BÍS er eini rekstraraðili staðarins eftir að hafa keypt hlut SSR í rekstrinum árið 2018. Kaupunum fylgdu allar fasteignir og búnaður. Markmið BÍS er að nota staðinn til að efla skátastarf í landinu og styðja við foringjapjálfun og verður staðurinn áfram rekinn í svipaðri mynd og verið hefur. SSR á 25% hlut í Úlfljótsvatnslandinu ásamt BÍS sem á 25% og Skógræktarfélagi Íslands sem á 50%.

Erlendir skátahópar eru mikilvægasta tekjulind ÚSÚ ásamt skólabúðum. Afkoman var undir væntingum og skýrist helst af Covid-19 heimsfaraldri. Aflýsa þurfti fjölda skólabúða og ekki komu neinir erlendir skátahópar til landsins. Markmið stjórnar ÚSÚ er að staðurinn verði sjálfbær og geti staðið undir viðhaldi og eðlilegri þróun.

Staðarhaldari á Úlfljótuvatni er Javier Paniagua Petisco.

Gilwellskálinn, Úlfljótuvatni

Þetta stolta en yfirlætislaus og fallega hús nálgast áttæðisaldurinn. Það er fyrsta húsið sem skátar reistu að Úlfljótuvatni (1942) og þjónaði sem félagsmiðstöð og mötuneyti fyrir sumarbúðastarf skáta á staðnum. Húsið sem var að mestu byggt í sjálfböðavinnu gjörbreytti aðbúnaði skáta á staðnum. Eftir því sem starfsemi skáta á Úlfljótuvatni þróaðist og jókst hafa aðrar byggingar bæst við, KSÚ var byggt ári seinna og síðan aðrar byggingar. Auk

sumarbúðastarfsins hefur fjöldi námskeiða og viðburða skáta verið haldinn í gamla húsinu. Fyrsta íslenska Gilwellnámskeiðið var haldið þar 1959 og næstum því árlega eftir það. Enda er húsið í daglegu tali alltaf nefnt Gilwellskálinn. Á liðnum árum hafa farið fram verulegar endurbætur og viðgerðir á húsi og húsmunum og mikill metnaður lagður í að viðhalda minjum og anda hússins. Sú vinna hefur verið unnin í sjálfböðaliðastarfi og er að mestu lokið í dag. Margskonar viðburðir eru haldnir í húsinu, til dæmis kvöldvökur, námskeið, hópavinna og fundir.

Hiklaust má segja að í húsinu eigi íslenska skátahreyfingin merka og einstaka menningareign sem sómi er að vernda og hefur húsið og ástand þess vakið mikla athygli hér heima sem og erlendis. Gilwellskálinn er eign Bandalags íslenskra skáta (ÚSÚ) en sérstök hússtjórn fer með umsjón hans. Hússtjórnina skipa: Haukur Haraldsson, Atli Smári Ingvarsson og Víking Eiríksson.

Hamrar

Útilífsmiðstöð skáta að Hömrum á Akureyri tók formlega til starfa sumarið 2000. Uppbygging og rekstur svæðisins er á vegum sérstaks rekstrarfélags, Hamrar útilífs- og umhverfismiðstöð skáta á Akureyri, í eigu Skátafélagsins Klakks sem annast uppbyggingu svæðisins í samvinnu við Akureyrarbæ. Félagið annast einnig daglegan rekstur starfseminnar að Hömrum og á tjaldsvæðinu á Akureyri. Félagið starfar

Í nánú sambandi við skátafélagið en hefur sjálfstæða stjórn, aðalfund og fjárhag. Þriggja manna stjórn er kosin á aðalfundi Hamra. Starfsemin að Hömrum er í gangi allt árið þótt meginhluti starfseminnar sé rekstur tjaldsvæðanna á sumrin samkvæmt sérstökum rekstrarsamningi við Akureyrarbæ. Einnig annast félagið daglega umsjón með húsnæði og skálum Skf. Klakks.

SKÁTAMIÐSTÖÐIN HRAUNBÆR 123

Skátamiðstöðin Hraunbær 123 er í eigu Bandalags íslenskra skáta og var tekin í notkun vorið 2003. Í húsnæðinu er rekin þjónustumiðstöð BÍS, skrifstofa SSR, skátaheimili skátafélagsins Árbúa og aðstaða fyrir Landsgildi St. Georgsgildanna á Íslandi. Í húsinu eru auk þess fundarsalir, Skátabúðin og geymsluaðstaða fyrir Skátaland.

Grænir skátar reka móttökustöð fyrir Endurvinnsluna hf. á neðri hæð hússins og er þar tekið við skilagjaldsskyldum umbúðum.

SKÁTASAMBÖND

Samkvæmt lögum BÍS er skátafélögum heimilt að stofna með sér skátasambönd. Þau eru samstarfsvettvangur skátafélaga á tilteknum svæðum og setja sér eigin starfsreglur.

Eftirfarandi skátasambönd eru starfandi:

Skátasamband Reykjavíkur (SSR)

Formaður SSR er Helgi Þór Guðmundsson

AÐILD AÐ BÍS

Aðild að Bandalagi íslenskra skáta getur verið með eftirfarandi hætti:

Aðild A: Skátafélög með starf fyrir féлага á aldrinum 7-25 ára.

Aðild B: Skátafélög sem stunda skátastarf og stuðla að því, með féлага sem flestir eru eldri en 23 ára.

Aðild C: Hópar skáta sem vilja halda tengslum við BÍS

Aðild D: Skátar með beina aðild að BÍS

Eftirtalin réttindi og skyldur fylgja ólíkri aðild að BÍS:

Félagsaðild	A	B	C	D
Þjónusta BÍS	Forgangur	Já	Ef unnt er	Ef unnt er
Þátttökuréttur á viðburðum	Forgangur	Já	Ef unnt er	Ef unnt er
Atkvæði á Skátapingi	4	1	0	0
Félagsgjald til BÍS	Já	Já	Nei	Já



BÍS starfar í tengslum við félög og stofnanir sem starfa að málefnum er lúta að velferð barna og ungmenna og öðrum þeim málum sem samræmast Grunnildum BÍS og markmiðum skátahreyfingarinnar.

Eftirtalin félög eru með aðild A að BÍS

- Skátafélag Akraness, Akranesi
- Skátafélagið Árbúar, Árbæjarhverfi í Reykjavík
- Skátafélag Borgarness, Borgarnesi
- Skátafélagið Eilífsbúar, Sauðárkróki
- Skátafélagið Einherjar-Valkyrjan, Ísafirði
- Skátafélagið Faxi, Vestmannaeyjum
- Skátafélagið Fossbúar, Selfossi
- Skátafélagið Garðbúar, Fossvogs- og Bústaðahverfi í Reykjavík
- Skátafélagið Hafernir, Fella- og Hólahverfi í Reykjavík
- Skátafélagið Hamar, Grafarvogshverfi í Reykjavík

- Skátafélagið Heiðabúar, Reykjanesbæ
- Skátafélagið Hraunbúar, Hafnarfirði
- Skátafélagið Klakkur, Akureyri
- Skátafélagið Kópar, Kópavogi
- Skátafélagið Landnemar, Austurbæ og Hlíðahverfi í Reykjavík
- Skátafélagið Mosverjar, Mosfellsbæ
- Skátafélagið Segull, Seljahverfi, Bakka- og Stekkjahverfunum í Reykjavík
- Skátafélagið Skjöldungar, Heima- og Vogahverfi í Reykjavík
- Skátafélagið Stígandi, Dalabyggð
- Skátafélagið Strókur, Hveragerði
- Skátafélagið Svanir, Álftanesi
- Skátafélagið Vífill, Garðabæ
- Skátafélagið Ægisbúar, Vesturbæ í Reykjavík
- Skátafélagið Örninn, Grundarfirði

Eftirtalin skátafélög eru með aðild B að BÍS

- Skátafélag Sólheima, Sólheimum, Grímsnesi
- Skátafélagið Radíóskátar, Garðabæ

Eftirtalin félög eru með aðild C að BÍS

- Landsgildi St. Georgsgildanna
- Rathlaupsfélagið Hekla
- Skátakórinn
- Skíðasamband skáta
- Skógræktarfélag skáta við Úlfliótsvatn

Eftirtalin félög eru með óvirka aðild A að BÍS

- Skátafélagið Goðar, Þórshöfn
- Skátafélagið Héraðsbúar, Fljótshálsbæ
- Skátafélagið Landvættir, Dalvík
- Skátafélagið Samherjar, Vesturbyggð
- Skátafélagið Selir, Seltjarnarnesi

NEFNDIR OG SAMTÖK SEM BÍS TENGIST

ÆSKULÝÐSVETTVANGURINN

Æskulýðsvettvangurinn er samstarfs-
vettvangur Ungmennafélags Íslands,
Bandalags íslenskra skáta, KFUM og KFUK á
Íslandi og Slysavarnarfélagsins Landsbjargar.

Hlutverk Æskulýðsvettvangsins er að standa
vörð um hagsmuni barna og ungmenna
og stuðla að heilbrigðum, uppbyggjandi
og vönduðum aðstæðum í æskulýðsstarfi.
Æskulýðsvettvangurinn hefur gefið út
viðbragðsáætlun fyrir þau félagasamtök sem
mynda Æskulýðsvettvanginn og aðildarfélög
þeirra þar sem finna má verkferla sem fylgja
skal þegar upp koma atvik eða áföll sem
kunna að hafa áhrif á líf og störf einstaklinga
og félagsstarfs.

Fagráð Æskulýðsvettvangsins

Æskulýðsvettvangurinn líður ekki ofbeldi af
neinu tagi. Á vegum Æskulýðsvettvangsins
starfar fagráð sem tekur til umfjöllunar
kynferðisbrotamál og eineltismál sem
koma upp innan þeirra félaga sem mynda
Æskulýðsvettvanginn.

Netnámskeið í barnavernd

Æskulýðsvettvangurinn er með netnámskeið
í barnavernd fyrir starfsfólk og sjálfbóðaliða
í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Um er að ræða
fræðslu og forvarnir í barnaverndarmálum
á Íslandi sem snýr að því að gera umhverfi
barna og ungmenna í félagsstarfi öruggara.

Það er mikilvægt að þeir sem starfa með
börnum og ungmennum séu meðvitaðir
um skyldur sínar og ábyrgð. Starfsfólk og
sjálfbóðaliðar sem vinna með börnum og
ungmennum þurfa að þekkja mismunandi
birtingarmyndir ofbeldis, eineltis og annarrar
áreitni sem börn og ungmenni geta orðið
fyrir og vita hvernig bregðast eigi við þegar
slíkt kemur upp í félagsstarfi.

Markmiðið með námskeiðinu er að auka
þekkingu starfsfólks og sjálfbóðaliða í
íþrótt- og æskulýðsfélögum um land allt
á einelti, ofbeldi og áreitni sem börn og
ungmenni geta orðið fyrir og afleiðingunum
af því. Tilgangurinn með því er að reyna að
koma í veg fyrir að slíkt komi upp í íþrótt-
og æskulýðsstarfi og gera börnum og
ungmennum auðveldara með að fá úrlausn
slíkra mála þegar þau koma upp.





AÐRAR NEFNDIR OG SAMTÖK

WAGGGS, World Association of Girl Guides and Girl Scouts

Tengiliður: Alþjóðaráð BÍS

WOSM, World Organisation of the Scout Movement

Tengiliður: Alþjóðaráð BÍS

European Region WAGGGS

Tengiliður: Alþjóðaráð BÍS

European Scout Region

Tengiliður: Alþjóðaráð BÍS

Samstarfsnefnd Norrænu skátabandalaganna

Tengiliður: Alþjóðaráð BÍS

Landvernd, landgræðslu- og náttúruverndarsamtök Íslands

Tengiliður: Skátamiðstöðin

Æskulýðsráð

Tengiliður: Skátamiðstöðin

Æskulýðsvettvangurinn, samstarfsvettvangur BÍS, UMFÍ, KFUM og KFUK og Slysavarnafélagsins Landsbjargar

Tengiliður: Skátamiðstöðin

SAMÚT, samtök útivistarfélaga

Bandalag íslenskra skáta starfaði með samtökum útivistarfélaga á árinu en sagði sig úr samtökunum við lok árs.

Tengiliður: Skátamiðstöðin

Norræna æskulýðsnefndin

Tengiliður: Skátamiðstöðin

Friends of Scouting in Europe (FOSE)

Tengiliður: Júlíus Aðalsteinsson

ÁRSREIKNINGAR



SKÁTARNIR



Bandalag íslenskra skáta

Ársreikningur 2021

Bandalag íslenskra skáta
Kennitala 440169-2879
Hraunbæ 123, 110 Reykjavík

Efnisyfirlit

	bls.
Skýrsla stjórnar	2
Áritun skoðunarmanna reikninga	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4 - 5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7-8
Sjóðstreymsyfirlit	9
Skýringar	10-15

Skýrsla stjórnar

Meginstarfsemi bandalagsins

Bandalag íslenskra skáta (BÍS) eru félagasamtök skáta og skátafélaga á Íslandi. BÍS rekur Skátamiðstöðina sem staðsett er í Reykjavík og er þjónustumiðstöð fyrir skátafélögin í landinu, auk þess að vera aðalmálsvari skátahreyfingarinnar gagnvart erlendum og innlendum aðilum. Sex stöðugildi voru hjá Bandalaginu á árinu eins og árið 2020.

Starfsemin á árinu

Hagnaður varð af rekstri Bandalagsins á árinu 2021 skv. rekstrarreikningi kr. 19,1 milljón og eigið fé bandalagsins var kr. 222,3 milljónir í árslok 2021 samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins varðandi ráðstöfunar hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Áhrif COVID-19 á rekstur Bandalagsins og dótturfélaga þess hafa verið mikil og fjölpætt. Þyngst vega áhrifin á rekstur Útílfsmiðstöðvar skáta Úlfjótuvatni en starfsemi þar hefur verið í algjöru lágmarki. Brugðist hefur verið við með því að draga úr kostnaði og sækja þau úrræði sem í boði eru í þeim tilgangi að lágmarka áhrifin. Bandalagið er með jákvætt veltufjárhluftfall og sterkt eigið fé og getur borið óvissu til skammstíma en erftitt er að segja til um hver endanleg áhrif verða til langstíma. Stjórnendur binda vonir við að starfsemin komist í fyrra horf samhliða rými samkomutakmörkunum og telja þeir þrátt fyrir áhrifin að efnahagur Bandalagsins sé sterkur og áframhaldandi rekstur sé tryggður.

Það er álit stjórnar bandalagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu Bandalagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun bandalagsins, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Bandalags íslenskra skáta staðfesta hér með ársreikning BÍS fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Reykjavík, 31.mars 2022.

 Undirritað af: Marta Magnúsdóttir 02058276 Daga: 31.03.2022 Tími: 10:23:02 Aðalstaða: Samþykkt Signet ID: 72329770-40204178-8700-20419ac79276	 Undirritað af: Helga Þórey Júlíudóttir 0603184409 Daga: 31.03.2022 Tími: 10:27:42 Aðalstaða: Samþykkt Signet ID: 72329770-40204178-8700-20419ac79276	 Undirritað af: Sævar Skaptason 1801844009 Daga: 31.03.2022 Tími: 10:29:07 Aðalstaða: Samþykkt Signet ID: 72329770-40204178-8700-20419ac79276
Marta Magnúsdóttir Skátahöfðingi	Helga Þórey Júlíudóttir Framkvæmdastjóri	Sævar Skaptason Formaður fjármálaráðs
 Undirritað af: Huldar Hlynsson 01058276 Daga: 31.03.2022 Tími: 10:48:00 Aðalstaða: Samþykkt Signet ID: 72329770-40204178-8700-20419ac79276	 Undirritað af: Björk Norðdahl 0505859009 Daga: 31.03.2022 Tími: 10:50:38 Aðalstaða: Samþykkt Signet ID: 72329770-40204178-8700-20419ac79276	 Undirritað af: Þórhallur Helgason 0007774119 Daga: 31.03.2022 Tími: 10:51:02 Aðalstaða: Samþykkt Signet ID: 72329770-40204178-8700-20419ac79276
Huldar Hlynsson	Björk Norðdahl	Þórhallur Helgason
 Undirritað af: Jón Halldór Jónasson 1904850209 Daga: 31.03.2022 Tími: 10:50:31 Aðalstaða: Samþykkt Signet ID: 72329770-40204178-8700-20419ac79276	 Undirritað af: Harpa Ósk Valgeirsdóttir 0405859009 Daga: 31.03.2022 Tími: 10:50:38 Aðalstaða: Samþykkt Signet ID: 72329770-40204178-8700-20419ac79276	
Jón Halldór Jónasson	Harpa Ósk Valgeirsdóttir	

Áritun skoðunarmanna reikninga

Við höfum yfirfarið reikning Bandalags íslenskra skáta í samræmi við reglugerð um störf skoðunarmanna reikninga og teljum ekki ástæðu til athugasemda.

 Undirritað af: Guðmundur Þór Pétursson 2403050509 Daga: 31.03.2022 Tími: 10:23:05 Aðalstaða: Samþykkt Signet ID: 72329770-40204178-8700-20419ac79276	 Undirritað af: Kristín Birna Angantýsdóttir 02058276 Daga: 31.03.2022 Tími: 13:44:14 Aðalstaða: Samþykkt Signet ID: 72329770-40204178-8700-20419ac79276	 Undirritað af: Jón Þór Gunnarsson 1811852189 Daga: 31.03.2022 Tími: 13:44:14 Aðalstaða: Samþykkt Signet ID: 72329770-40204178-8700-20419ac79276
Guðmundur Þór Pétursson	Kristín Birna Angantýsdóttir	Jón Þór Gunnarsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Bandalags íslenskra skáta

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Bandalags Íslenskra skáta fyrir árið 2021, að undanskilinni skýrslu stjórnar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Bandalagsins á árinu 2021, efnahag þess 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ársreikningurinn innifelur

- Skýrslu stjórnar
 - Rekstrarreikning ársins 2021.
 - Efnahagsreikning 31. desember 2021.
 - Sjóðstreymi ársins 2021
 - Skýringar, sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.
- Skýrsla stjórnar er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda.

Óhæði

Við erum óháð féluginu samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar sem lá fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu stjórnar og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum Bandalagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning Bandalagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa félagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi Bandalagsins. Stjórnendum Bandalagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með áliti okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir áliti okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvisandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirliti sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits bandalagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralaus álit. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að bandalagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirbyggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík, 31.mars 2022.

PricewaterhouseCoopers ehf.



Ljósbrá Baldursdóttir
Löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrartekjur			
Ríkisstyrkur		39.100.000	39.765.000
Þjónustu- og markaðsverkefni, tekjur	15	3.077.900	3.177.200
Félagsstarf, tekjur	16	10.439.941	3.398.799
Húsaleigutekjur		12.906.000	12.840.000
Aðrar tekjur	18	32.069.317	13.030.669
		<u>97.593.158</u>	<u>72.211.668</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	54.670.418	44.698.524
Þjónustu- og markaðsverkefni, gjöld	15	2.543.049	2.305.005
Félagsstarf, gjöld	17	4.510.283	7.625.671
Húsnæðiskostnaður		4.949.601	4.908.591
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	14	9.100.880	13.269.841
Afskriftir	6	2.069.373	2.068.160
		<u>77.843.604</u>	<u>74.875.792</u>
Rekstrarhagnaður (-tap)		19.749.554	(2.664.124)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		87.209	922.869
Vaxtagjöld		0	(3.430)
Gengismunur		(2.915)	(12.542)
	4	<u>84.294</u>	<u>906.897</u>
Hagnaður (tap) án hlutdeildar í afkomu dótturfélaga		19.833.848	(1.757.227)
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga	7	(711.472)	(42.976.599)
Hagnaður (tap) ársins	9	<u>19.122.376</u>	<u>(44.733.826)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr.	2021	2020
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Fasteignir	6	96.240.930	97.983.760
Áhöld og tæki	6	216.545	248.588
		<u>96.457.475</u>	<u>98.232.348</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í dótturfélögum	7	78.442.304	79.153.776
Eignarhlutir í öðrum félögum	8	800.000	800.000
		<u>79.242.304</u>	<u>79.953.776</u>
Fastafjármunir samtals		175.699.779	178.186.124
Veltufjármunir			
Kröfur á tengda aðila	11	66.782.917	79.165.861
Aðrar skammtímakröfur	19	49.930	512.832
Handbært fé	5	3.373.449	2.130.092
		<u>70.206.296</u>	<u>81.808.785</u>
Eignir samtals		<u>245.906.075</u>	<u>259.994.909</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eigið fé og skuldir	Skýr.	2021	2020
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé		222.356.721	203.234.345
	9	<u>222.356.721</u>	<u>203.234.345</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		3.857.856	4.332.532
Skuld við tengda aðila	11	0	42.923.488
Aðrar skammtímaskuldir	20	19.691.498	9.504.544
		<u>23.549.354</u>	<u>56.760.564</u>
Skuldir samtals		23.549.354	56.760.564
Eigið fé og skuldir samtals		<u>245.906.075</u>	<u>259.994.909</u>
Ábyrgðarskuldbindingar	10		
Eignir utan efnahagsreiknings	12		

Sjóðstreymi ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður (tap) ársins		19.122.376	(44.733.826)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6	2.069.373	2.068.160
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага	7	711.472	42.976.599
		<u>21.903.221</u>	<u>310.933</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		462.902	3.354.789
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		9.712.278	2.244.407
		<u>10.175.180</u>	<u>5.599.196</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>32.078.401</u>	<u>5.910.129</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Kaupverð fjárfestinga	11	(294.500)	(539.000)
Kröfur á tengda aðila, breyting		12.382.944	(9.936.067)
		<u>12.088.444</u>	<u>(10.475.067)</u>
Fjármögnunarahreyfingar			
Skuld við tengda aðila, breyting	11	(42.923.488)	1.744.033
		<u>(42.923.488)</u>	<u>1.744.033</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		1.243.357	(2.820.905)
Handbært fé í byrjun árs		2.130.092	4.950.997
Handbært fé í árslok		<u>3.373.449</u>	<u>2.130.092</u>

Skýringar

1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir. Ársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Við gerð reikningsskilaanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum.

2. Innlaun tekna

Tekjur eru færðar þegar eignarréttur og áhætta hefur færst yfir til kaupanda og hægt er að meta fjárhæðina með ábyggilegum hætti. Tekjur eru færðar á gangvirði móttekis gagngjalds eða kröfu, og endurspeglar móttekna fjárhæð fyrir selda vöru eða þjónustu að frágæmum afslætti, vöruskiptum og virðisaukaskatti.

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig:	2021	2020
Laun	58.533.340	47.202.053
Launatengd gjöld	11.679.759	10.692.805
Ýmis starfsmannakostnaður	3.057.319	3.698.658
Laun færð á aðra starfþætti	(18.600.000)	(16.894.992)
	<u>54.670.418</u>	<u>44.698.524</u>

Fjöldi ársverka á reikningsárinu eru 6 og voru 6 á fyrra ári.

4. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtrygðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2022. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikningi.

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfageignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun hluthafafundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

5. Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmi tíma en 3ja mánaða.

Skýringar

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir og land	Áhöld og tæki	Samtals
Árslok 2020:			
Bókfært verð í ársbyrjun	99.475.223	286.285	99.761.508
Viðbót ársins	539.000	0	539.000
Afskriftir	(2.030.463)	(37.697)	(2.068.160)
Bókfært verð í árslok	<u>97.983.760</u>	<u>248.588</u>	<u>98.232.348</u>

Bókfært verð í árslok 2020 greinist þannig:

Kostnaðarverð	126.817.441	1.986.593	128.804.034
Afskrifað samtals	(28.833.681)	(1.738.005)	(30.571.686)
Bókfært verð í árslok	<u>97.983.760</u>	<u>248.588</u>	<u>98.232.348</u>

Árslok 2021:

Bókfært verð í ársbyrjun	97.983.760	248.588	98.232.348
Viðbót ársins	294.500	0	294.500
Afskriftir	(2.037.330)	(32.043)	(2.069.373)
Bókfært verð í árslok	<u>96.240.930</u>	<u>216.545</u>	<u>96.457.475</u>

Bókfært verð í árslok 2021 greinist þannig:

Kostnaðarverð	127.111.941	1.986.593	129.098.534
Afskrifað samtals	(30.871.011)	(1.770.048)	(32.641.059)
Bókfært verð í árslok	<u>96.240.930</u>	<u>216.545</u>	<u>96.457.475</u>

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðar-/endurmetnu verði og hrakvirði á áætluðum nýtingartíma eignanna sem hér segir:

Fasteignir	50 ár
Áhöld og tæki	7 ár

Áætlaður nýtingartími og hrakvirði er endurmetið og aðlagð, ef þörf er á, í lok hvers reikningssárs.

Fasteignamat og váttryggingaverðmæti

Fasteignamat eignarhlutar BÍS í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123 nam 147,1 millj. kr. í árslok 2021 og brunabótamat nam 239,9 millj. kr.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma viðkomandi eigna.

Veðsetningar

Á fasteign félagsins hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum Grænna skáta ehf., sem voru að uppgreiðsluvirði um 57,1 millj. króna í árslok 2021.

Skýringar

7. Eignarhlutir í dótturfélögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast á eftirfarandi hátt:

Eignarhlutdeild	Skáta- mót ehf. 100,0%	Skáta- búðin ehf. 100,0%	Grænir skátar ehf. 100,0%	Útillifsmiðst. skáta Úlfjótssvatni 100,0%	Samtals
Hlutdeild 1/1	31.375.955	15.407.401	16.734.458	15.635.962	79.153.776
Hlutdeild í afkomu	(20.045.682)	3.658.909	24.599.687	(8.924.386)	(711.472)
	<u>11.330.273</u>	<u>19.066.310</u>	<u>41.334.145</u>	<u>6.711.576</u>	<u>78.442.304</u>

Félagið gerir ekki samstæðuársreikning þar sem það er ekki skylda samkvæmt lögum vegna stærðarmarka.

8. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast á eftirfarandi hátt:

	Eignarhlut- deild í %	Nafnverð í lok árs	Bókfært verð í lok árs
Önnur félög:			
Endurvinnslan ehf.	2%	750.000	750.000
Úlfjótssvatn sf.	25%	<u>50.000</u>	<u>50.000</u>
		<u>800.000</u>	<u>800.000</u>

9. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Eigið fé samtals
Staða í ársbyrjun	203.234.345
Hagnaður ársins	<u>19.122.376</u>
Staða í árslok	<u>222.356.721</u>

10. Ábyrgðarskuldbindingar

Ábyrgðarskuldbindingar

Bandalagið er í ábyrgðum vegna lána Útillifsmiðstöðvar skáta Úlfjótssvatni sem nema 40,5 milljónum króna og vegna lána Grænna skáta sem nema 57,1 milljónum.

Skýringar

11. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar félagsins eru dótturfélög, hlutdeildarfélög, stjórn bandalagsins, framkvæmdastjóri og nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

	2021	2020
Krafa á Græna skáta ehf.	5.907.819	22.736.620
Krafa á Útillifsmiðstöð skáta Úlfjótssvatni	47.870.931	42.477.157
Krafa á Skátabúðina ehf.	9.111.433	13.952.084
Krafa á Skátamót ehf.	<u>3.892.734</u>	<u>0</u>
	<u>66.782.917</u>	<u>79.165.861</u>
Skuld við Skátamót ehf.	<u>0</u>	<u>42.923.488</u>
	<u>0</u>	<u>42.923.488</u>

Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipta við ótengda aðila.

Engin niðurfærsla hefur verið færð vegna lána til tengdra aðila.

12. Eignir utan efnahagsreiknings

Styrktarsjóður skáta

Sjóðurinn var stofnsettur 1998 og rennur árlega í hann hluti félagsgjalda BÍS og andvirði sölu minningarkorta sem og almenn framlög. Haldið er sérstaklega utan um fjármál sjóðsins og hann yfirfarinn samhlíða ársreikningi BÍS. Sjóðurinn er ekki færður í ársreikninginn.

	2021	2020
Staða Styrktarsjóðs í byrjun árs	16.712.688	15.744.317
Framlög í sjóðinn á árinu	1.000.000	1.172.207
Ávöxtun á árinu	0	266.164
Styrkir úr sjóðnum	<u>(305.000)</u>	<u>(470.000)</u>
Staða Styrktarsjóðs í lok árs	<u>17.407.688</u>	<u>16.712.688</u>
Inneign hjá BÍS	2.307.009	3.862.692
Bankareikningur í Íslandsbanka	144.411	2.794
Lausafjársefn Íslandsbanka	<u>14.956.268</u>	<u>12.847.202</u>
	<u>17.407.688</u>	<u>16.712.688</u>

Skátasjóður Berents Th. Sveinssonar og Laufeyjar Guðbrandsdóttur

Á árinu 2018 var félagið arleitt að íbúð sem var seld á árinu 2019. Samtals nam söluágóðinn, sem jafnframt er stofnfé sjóðsins, 59 millj. kr. og eru þeir fjármunir í vörslu Bandalagsins. Skátasjóðurinn hefur það markmið að efla foringjapjálfun. Á árinu 2021 nemur virði verðbrefa sem keypt voru árið 2020 47,5 milljónum.

Skýringar

14. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður:	2021	2020
Tölvukostnaður	4.525.125	6.286.296
Bókhald og endurskoðun	2.250.269	2.556.653
Aksturskostnaður	162.193	128.241
Gjaldfærð áhöld og tæki	320.042	788.795
Gjafir og styrkir	410.436	299.543
Pappír, prentun og ritföng	87.156	195.132
Bankakostnaður	294.676	385.709
Síma- og póstkostnaður	388.789	324.752
Lögfræðikostnaður	0	358.702
Félags og aðildargjöld	26.000	52.000
Afskrifaðar viðskiptakröfur	0	1.349.677
Annar kostnaður	636.194	544.341
	<u>9.100.880</u>	<u>13.269.841</u>
 15. Þjónustu- og markaðsverkefni:		
 Tekjur:		
Styrktarpinni	3.077.900	3.177.200
	<u>3.077.900</u>	<u>3.177.200</u>
 Gjöld:		
Styrktarpinni	2.543.049	2.305.005
	<u>2.543.049</u>	<u>2.305.005</u>
 16. Félagsstarf:		
 Tekjur:		
Fræðslumál	418.100	602.310
Félagaráð	0	309.627
Félagsgjöld	1.070.740	938.850
Endurfundir eldri skáta	367.800	506.643
Fjölskylduskátun	8.000.000	0
Ungmennaráð	421.301	257.460
Alþjóðamál	0	146.335
Dagskrármál	0	137.574
Aðrar tekjur	162.000	500.000
	<u>10.439.941</u>	<u>3.398.799</u>

Skýringar

17. Félagsstarf, frh.:		
 Gjöld:		
Fræðslumál	2.004.985	1.481.610
Alþjóðamál	513.710	742.936
Upplýsinga- og kynningarmál	54.440	3.738.061
Dagskrármál	0	60.396
Stjórn BÍS	855.839	527.817
Skátapung	178.687	346.485
Endurfundir eldri skáta	345.033	311.313
Fjölskylduskátun	2.200	0
Ungmennaráð	235.756	323.525
Afhending forsetamerkis	311.843	0
Félagsförlingjafundur	0	43.227
Erindrektur	7.790	28.850
Annar kostnaður	0	21.451
	<u>4.510.283</u>	<u>7.625.671</u>
 18. Aðrar tekjur:	2021	2020
Styrkir til skátastarfs	6.000.000	0
Styrkir til skátastarfs frá skátasjóði Berents og Laufeyjar	0	11.800.000
Eftirgjöf skulda	26.067.517	0
Aðrar tekjur	1.800	1.230.669
	<u>32.069.317</u>	<u>13.030.669</u>
 19. Skammtímakröfur:		
Viðskiptakröfur	19.976	587.301
Kreditkort	29.954	15.820
Varúðarniðurfærsla viðskiptakrafna	0	(90.289)
	<u>49.930</u>	<u>512.832</u>
 20. Skammtímaskuldir:		
Ógreitt vegna styrktarsjóðs skáta	2.307.009	3.862.692
Skuldbinding vegna starfslokasamninga	11.106.439	0
Ógreitt vegna starfsmanna	5.278.590	4.680.384
Annað	999.460	961.468
	<u>19.691.498</u>	<u>9.504.544</u>



SKÁTARNIR